

15. júní 1977.

365

Nr. 237.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (viðmiðunarstaður 1), og að austan af 21°00 v.lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 171 4. apríl 1977, um breytingu á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.